

Fundur (32) byggingarnefndar Stekkjaskóla þriðjudaginn 12. október 2021 kl. 15:00

Mættir: Frá byggingarnefnd, Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Helga Sighvatsdóttir, Tómas Ellert Tómasson og Magnús Gíslason. Frá Verkís Eiríkur Steinn Búason, verkefnastjóri. Ágúst Þór Pétursson, byggingarstjóri frá Mannviti, Ragnhildur Skarphéðinsdóttir frá Hornsteinum, Atli Geir Jónsson frá byggingareftirlitinu, Óðinn K. Andersen, Hilmar Björgvinsson, Sigurður Ólafsson og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð.

- 1) Ragnhildur Skarphéðinsdóttir fór í gegnum helstu forsendur að lóðarhönnun, framtíðarsýn og áherð.

Fyrsti áfangi lóðar er um 5600 m² sem er dýrasti hluti lóðarinnar. Gaf okkur stemninguna, hughrif, áhersla á skapandi leik, kennslu- og leikgarðar þar sem hægt er að stúdera náttúruna. Svæði fyrir þrek og þol, boltaleiki o.fl. Reynt að móta mest með þeirri fyllingu sem er til staðar, hólar og hæðir. Útigögn "Hip og kúl" Lýsingin er mikilvæg og hafa skemmtilega effekta sem eru ódýrir í dag. Kynnti einnig áferð aðkomusvæðis. Umræða um að gott væri að hafa djúpgáma sem gætu einnig verið grenndargámar þar sem lóðin er stór. Kynnti m.a. efnisvalið og áætlað umfang snjóbræðslu, bílastæði fatlaðra. Stillti einnig upp tillögum að leiktækjum. Heimilisfræðistofan hefur aðgang að garði sem gæti nýst til ræktunar, berjatré o.fl. Verklýsing fylgir þessu og tilboðs- og magntöluskrá.

- 2) Umræða um lagnir o.fl. Ákveðin framkvæmd í kringum færanlegu kennslustofueiningarnar sem þarf að taka tillit til.
- 3) Ágúst Þór Pétursson frá Mannviti kynnti framgang framkvæmdarinnar. Framkvæmdastaðurinn hefur verið slysalaus og gott samstarf er við framkvæmdaaðila. Framkvæmdin er ca. 4 vikum eftir áætlun en auðvelt að vinna það upp. Kjallarinn er búinn og 90% af fyrstu hæðinni. Lokið að fylla að húsinu að mestu og verið að reisa verkpalla. Lagnavinnu lokið, m.a. dren og það sem fer í sökkla. Ýmsir efnisáfangar eru að fara í vinnslu. Uppsteypun ætti að vera lokið fyrir áramót. Stefnt að verklokum í lok júlí.
- 4) Umræða um búnaðarkaup og hluti af búnaði er kominn í færanlegu kennslustofueiningarnar. UT deild er að undirbúa tæknimálin. Mikilvægt að vera snemma á ferðinni þar sem afgreiðslufrestur hefur verið að lengjast. Flestir undirverktakar koma héðan af svæðinu.
- 5) Næstu skref verkefnisins er varðar 1. áfanga lóðar. Fundur á morgun í eigna- og veitunefnd og þar verður þetta tekið fyrir. Áætlaður framkvæmdatími fyrir lóðina. Ef framkvæmdatími (grófvinnu) byrjar í mars/apríl ætti að nást að gera margt fyrir skólabyrjun. Þarf að vera gott samstarf við framkvæmdaaðila v/vinnubúða o.fl.
- 6) Umræða um tímasetningu á næsta áfanga skólans.

Fundi slitið kl. 16:05.